

## Byggðamálaráð

### Fundargerð 25. fundar byggðamálaráðs Fundur haldinn á TEAMS 4. maí 2023 kl. 13.00

#### Dagskrá:

- Sóknaráætlanir landshluta
- Brothættar byggðir
- Skilgreining opinberrar grunnþjónustu

**Mættir:** Guðveig Lind Eyglóardóttir formaður, Arnar Már Elíasson, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Hólmfríður Sveinsdóttir og Karl Björnsson. Auk þeirra sat Aðalsteinn Þorsteinsson skrifstofustjóri fundinn. Hólmfríður ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn.

#### Umfjöllun og afgreiðsla:

##### 1. Sóknaráætlanir landshluta

Farið var yfir forsögu og hugmyndafræði sóknaráætlana landshluta. Gildandi samningar við landshlutasamtök sveitarfélaga renna út í lok árs 2024. Undirbúningur að endurskoðun þeirra er að hefjast og verður haft náið samráð við landshlutasamtökin.

##### 2. Brothættar byggðir

Rætt var almennt um verkefnið Brothættar byggðir og heimsókn byggðamálaráðs til Borgarfjarðar eystri þann 24. mars sl. Sérstaklega var rætt um byggðarlög sem lokið hafa formlegri þátttöku í verkefninu. Fram kom að KPMG vinnur að úttekt á Brothættum byggðum sem áætlað er að liggi fyrir snemma hausts. Í tilefni af því að 10 ár eru liðin frá því að verkefnið Brothættar byggðir hófst mun Byggðastofnun standa fyrir afmælisþingi á Raufarhöfn fimmtudaginn 5. október 2023.

Nokkuð var rætt um stöðu barna í fámennum skólum út frá lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, svokölluð farsældarlög. Hólmfríður mun ræða það mál við sérfræðinga í mennta- og barnamálaráðuneytinu og upplýsa byggðamálaráð.

##### 3. Skilgreining opinberrar grunnþjónustu

Fyrir fundinn hafði ráðið fengið send drög að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu, ásamt greinargerð og voru þau rædd og settar fram nokkrar athugasemdir sem komið verður á framfæri. Byggðamálaráð verður upplýst um framganginn og fær send ný drög áður en þau verða lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.15.

Næsti fundur skv. starfsáætlun verður 7. september n.k.